# Skráningarnámskeið 2023

Hallfríður Kristjánsdóttir

Gæðastjóri skráningar

# Yfirlit

- Skráning í Gegni – Skráningarreglur og staðlar
  - RDA skráning
  - Hugmyndafræðilegar undirstöður RDA skráningar
    - ICP
    - LRM
  - RDA Toolkit og Handbók skrásetjara
  - MARC21
  - ISBD greinarmerkjasetning
  - Skyldur og samstarf skrásetjara Gegnis

# Yfirlit

- Skráning í Gegni - Bókasafnskerfið
  - Högun bókfræðigagna í Gegni
  - MMS id
  - Lýsigagnaritill
    - Lýsigagnaritill Gegnis
    - Lýsigagnaritill - aðgerðir
  - Efnistegundir og tegundir viðfanga

# Skráning í Gegni
# Skráningarreglur og staðlar

Landsbókasafn Íslands
Háskólabókasafn

# RDA skráning

- RDA (Resource Description and Access) eru alþjóðleg skráningarviðmið
- RDA skráning var tekin upp í Gegnissöfnum árið 2015/2016
- RDA skráningarviðmiðin eru sett fram í RDA Toolkit vefnum
- Hvert safn eða safnasamlag ber ábyrgð á að setja fram eigin RDA skráningarprófíl
    - Ekkert safn notar öll skráningarviðmiðin
    - Skráningarráð Gegnis ber ábyrgð á að setja saman RDA prófíl fyrir Gegnissöfnin

# Hugmyndafræðilegar undirstöður RDA skráningar

- **LRM (Library Reference Model)**
  - Áður FRBR
- IFLA
- Hugtakalíkan sem
  - Skilgreinir bókfræðileg einindi/fyrirbæri (entities) og raðar þeim í stigveldi
  - Segir til um hvaða eiginleikar eininda (attributes) skipta mestu máli í bókfræðilegu samhengi
  - Tiltekur hvaða vensl (relationships) milli eininda eru mikilvæg þegar kemur að bókfræðilegri skráningu
- Skrásetjarar þurfa að hafa grundvallarskilning á mörgum hugtökum í líkaninu til að skilja leiðbeiningar sem settar eru fram í RDA
  - Dæmi um hugtök: Hugverk (work) – Útfærsla (expression) – Birtingarform (Manifestation) – Eintak (Item) – Aðili (Agent)

- **ICP (International Cataloging Principles)**
- IFLA
- Almenn skráningarviðmið fyrir bókasöfn
- Hvaða atriði bókfræðifærslur skulu að lágmarki innihalda
- Hvaða atriði bókfræðifærslu skulu að lágmarki vera leitarbær
- ICP tekur til bæði bókfræðiskráningar og nafnmyndaskráningar
- Hugtök úr LRM(FRBR) eru notuð til að setja fram skráningarviðmið í ICP

# RDA Toolkit og Handbók skrásetjara

- Öll Gegnissöfn hafa, með milligöngu Landskerfis bókasafna, beinan aðgang að RDA-Toolkit
  - https://www.rdatoolkit.org/
- Skráningarráð Landskerfis tekur ákvarðanir um það hvernig RDA viðmiðunum skuli beitt í Gegni
- Ákvarðanir skráningarráðs eru settar fram í Handbók skrásetjara
  - https://hask.landsbokasafn.is/



# MARC21

- MARC 21 er það gagnasnið sem notað er í Gegni til að skrá flestar tegundir færsla
  - Bókfræðifærslur – bibliographic records
  - Nafnmyndafærslur – authority records
  - Forðafærslur – holdings records
  - Nánar um MARC21: https://loc.gov/marc/

- Í Gegni eru bókfræðifærslur skráðar skv RDA skráningarreglum og vistaðar á MARC21 lýsigagnasniði
  - RDA fyrirmælin og viðmiðin segja til um hvaða upplýsingar (t.d. titil) á að skrá í bókfræðifærsluna, hvernig á að skrá þær (t.d. taka upp stafrétt eða ekki) og hvaða heimildir skrásetjari má/á að nota (t.d. titilsíðu)
  - Þessum upplýsingum er svo komið fyrir á marksniði (Marc 21). Þar er hver upplýsingabútur merktur (taggaður) með því að staðsetja hann í tiltekið marksvið/deilisvið. Með þessu verða upplýsingarnar tölvulesanlegar

# MARC21

- Lýsing (description) og leitaratriði (access) eru lykilhugtök í skráningu - Bæði lýsingu og leitaratriðum er komið fyrir í viðeigandi sviðum í bókfræðifærslu

- Í bókfræðifærslum er ekki óalgengt að sjá upplýsingar tvíteknar. Annars vegar sem lýsingu (stafrétt upptekt af viðfangi) og hins vegar sem leitaratriði (stöðluð framsetning)
  - Nafn höfundar getur t.d. komið fram sem staðlað leitaratriði í sviði 100 og sem lýsing á ábyrgðaraðild í sviði 245

- Fyrir utan lýsingu og stöðluð leitaratriði, innihalda bókfræðifærslur ýmis önnur lýsigögn
  - T.d.: athugasemdir, kóða sem segja til um tegund viðfangs, upplýsingar um skrásetjara, hvenær færsla var búin til eða henni breytt

# MARC21

- Bókfræðifærslur á marksniði samanstanda af:
  - Stýrisviði (Leader)
    - Engir vísar eða deilisvið, heldur sæti
    - Inniheldur einkum upplýsingar um sjálfa færsluna
  - Kóðasviðum (Control/fixed fields) 007 og 008
    - Engir vísar eða deilisvið, heldur sæti
    - Skráningarupplýsingar settar fram í kóðum (t.d. útgáfuland, tungumál viðfangs, markhópur viðfangs)
  - Hefðbundnum MARC21 sviðum (Fields)
    - Bæði vísar og deilisvið
    - Hvert svið inniheldur afmarkaðar skráningarupplýsingar, t.d. inniheldur svið 245 lýsingu á titli og ábyrgðaraðild og svið 250 lýsingu á útgáfu
-

Hitaveita Egilsstaða og Fella : Efnafræðilegt vinnslueftirlit árið 2021 / Magnús Ólafsson, Iwona M. Galeczka, Finnbogi Óskarsson (991015572151606886)

Level [40]: [40] Cataloger Record 10 60 MARC21 Bib

| | | | |
|---|---|---|---|
| LDR | | | 01474nam#a2200385#i#4500 |
| 001 | | | 991015572151606886 |
| 005 | | | 20231005131316.0 |
| 007 | | | cr#\|\|#\|\|\|\|\|\|\| |
| 008 | | | 180221s2022####ic#####eo#####000#0#ice#c |
| 040 | | | $$a ISORR $$e rda |
| 100 | 4 | | $$a Magnús Ólafsson $$d 1952- $$e höfundur |
| 245 | 1 | 0 | $$a Hitaveita Egilsstaða og Fella : $$b Efnafræðilegt vinnslueftirlit árið 2021 / $$c Magnús Ólafsson, Iwona M. Galeczka, Finnbogi Óskarsson |
| 264 | | 1 | $$a Reykjavík : $$b Íslenskar orkurannsóknir, $$c 2022. |
| 300 | | | $$a 21 bls. : $$b myndir, töflur. |
| 336 | | | $$a texti $$b txt |
| 337 | | | $$a rafrænt $$b c |
| 338 | | | $$a rafrænt gagn $$b cr |
| 490 | 1 | | $$a Íslenskar orkurannsóknir ; $$v ÍSOR-2022/011 |
| 500 | | | $$a Unnið fyrir Hitaveitu Egilsstaða og Fella |
| 650 | | 7 | $$a Efnastyrkur $$2 cil |
| 650 | | 7 | $$a Lághitasvæði $$2 cil |
| 650 | | 7 | $$a Hitaveita $$2 cil |
| 650 | | 7 | $$a Borholur $$2 cil |
| 650 | | 7 | $$a Vinnslueftirlit $$2 cil |
| 650 | | 7 | $$a Efnavöktun $$2 cil |
| 651 | | 7 | $$a Urriðavatn $$2 cil |
| 651 | | 7 | $$a Egilsstaðir $$2 cil |
| 700 | 0 | | $$a Iwona Galeczka $$d 1984- $$e höfundur |
| 700 | 4 | | $$a Finnbogi Óskarsson $$d 1978- $$e höfundur |
| 710 | 2 | | $$a Hitaveita Egilsstaða og Fella $$e verkbeiðandi |
| 710 | 2 | | $$a Íslenskar orkurannsóknir $$e útgefandi |
| 810 | 2 | 0 | $$a Íslenskar orkurannsóknir. $$t ÍSOR $$v ÍSOR-2022/011 |
| 939 | | | $$c 1 $$f rh |
| 943 | | | $$a 21 bls. : myndir, töflur. |

Stýrisvið (Leader)

Kóðasvið (Control/Fixed Fields)

Svið og deilisvið (Fields, Subfields)

# MARC21

- Hvert marksvið er auðkennt með sviðstákni (field tag) sem er þriggja stafa tala
- Fyrsti stafur í sviðstákni er oftast lýsandi fyrir notkun sviðsins
  - 1XX Aðalhöfuð/Aðalleitaratriði (100, 110, 111, 130)
  - 5XX Athugasemdir (500, 502, 504, 505, 508…)
  - 6XX Efnisgreining (600, 610, 611, 630 650, 651…)

- Hvert marksvið í færslu má ýmist endurtaka (R), eða er óheimilt að endurtaka (NR) – Upplýsingar í HASK
  - Svið 245 má ekki endurtaka
  - Svið 700 má endurtaka

- Hverju marksviði (field) fylgja tveir vísar (indicators). Þeir hafa mismunandi merkingu eftir því hvaða sviði þeir fylgja.
  - Stundum þarf að tilgreina bæði fyrri og síðari vísi. T.d. 245 14
  - Stundum er aðeins fyrri vísir tilgreindur. T.d. 130 4#
  - Stundum er aðeins síðari vísir tilgreindur. T.d. 650 #7
  - Stundum er hvorugur vísir tilgreindur. T.d. 500 ##
- Óskilgreindur vísir/autt sæti fyrir vísi er gjarnan táknað með #
  - # er ekki notað í sjálfum skráningarfærslunum, þar eru sæti skilin eftir auð (sjá fyrri glæru)
  - Núll táknar ekki það sama og autt sæti, heldur er merkingarbær vísir (sjá fyrri glæru)

# MARC21

- Hvert svið inniheldur:
  - Eitt eða fleiri deilisvið (subfields). Hvert svið er að lágmarki eitt deilisvið og allar skráningarupplýsingar tilheyra einhverju deilisviði.
  - Deilisvið eru auðkennd með deilisviðstákni sem er einn bókstafur (lágstafur) eða tölustafur. Deilisvið þætta sviðin niður í smærri skráningaratriði
    - 245 10 $$a Mýrin / $$c Arnaldur Indriðason ; Guðmundur Ólafsson les
  - Deilisvið eru gjarnan afmörkuð með $$ (subfield delimiter) á undan deilisviðinu
  - Í einhverjum tilvikum er | notað í staðinn fyrir $$

# MARC 21

| Svið | Vísar | | |
|---|---|---|---|
| 007 | | cr#\|\|#\|\|\|\|\|\|\| | Sæti |
| 008 | | 180221s2022####ic######eo######000#0#ice#c | Sæti |
| 040 | | $$a ISORR $$e rda | Deilisvið a og deilisvið d |
| 100 | 4 | $$a Magnús Ólafsson $$d 1952- $$e höfundur | Deilisvið a, deilisvið d og deilisvið e |
| 245 | 1 0 | $$a Hitaveita Egilsstaða og Fella : $$b Efnafræðilegt vinnslueftirlit árið 2021 / $$c Magnús Ólafsson, Iwona M. | |

Skjáskot úr lýsigagnaritli Gegnis

# ISBD greinarmerkjasetning

- Í Gegni er notuð ISBD greinarmerkjasetning í bókfræðifærslum til að skilja á milli skráningaratriða innan sama sviðs
  - Frumskráðar bókfræðifærslur skulu innihalda merkingu í LDR sem segir til um að færslan innihaldi ISBD greinarmerki




- Öll sameiginleg færslusnið, vistuð í lýsigagnaritli Gegnis innihalda þessar upplýsingar

# ISBD greinarmerkjasetning

- ISBD greinarmerki gefa alltaf til kynna að nýtt skráningaratriði fari á eftir greinarmerkinu. Í langflestum tilvikum er greinarmerkið undanfari nýs deilisviðs:

245 1 0 $$a Hitaveita Egilsstaða og Fella : $$b Efnafræðilegt vinnslueftirlit árið 2021 / $$c Magnús Ólafsson, Iwona M. Galeczka, Finnbogi Óskarsson

- Lýsigagnaritill Gegnis vistar sjálfkrafa greinarmerki fyrir framan algengustu deilisvið í bókfræðifærslum, en ekki öll. Skrásetjari þarf að slá inn þau greinarmerki sem kerfið færir ekki sjálfkrafa inn

- Öll dæmi í Handbók skrásetjara eru sett fram með ISBD greinarmerkjum

# Skyldur og samstarf skrásetjara Gegnis

- Skráning er samstarfsverkefni aðildarsafna Gegnis og þau bera sameiginlega ábyrgð á bókfræðifærslunum
- Skráð skal eftir skráningarreglum sem hafa verið innleiddar af skráningarráði Gegnis (RDA) og í samræmi við ákvarðanir sem hafa verið teknar um beitingu þeirra í Gegni
- Bókfræðifærslur eru settar fram samkvæmt MARC 21 gagnasniði og í samræmi við ákvarðanir skráningarráðs um hvernig staðlinum skuli beitt í Gegni

# Skyldur og samstarf skrásetjara Gegnis

- Samstarf skrásetjara felst m.a. í
  - Að lagfæra eða tilkynna um villur eða galla sem þeir kunnu að rekast á í bókfræðigögnum eða nafnmyndaskrá: Gegnir@landsbokasafn.is
  - Að tilkynna um villur eða galla sem þeir kunna að rekast á í handbók skrásetjara: Hask@landsbokasafn.is
  - Samráði, samskiptum og upplýsingagjöf til annarra skrásetjara með því að nota póstlistann Vöndu: Vanda@lb.is



# Skráning í Gegni
# Bókasafnskerfið

Landsbókasafn Íslands
Háskólabókasafn

# Högun bókfræðigagna í Gegni - landskjarni

- Sameiginlegur bókfræðigrunnur er vistaður í landskjarna
  - Bækur, tímarit, kvikmyndir, tónlist, greinifærslur o.s.frv.
- Þegar bókfræðifærsla er vistuð, vistast hún í landskjarna
  - Skiptir ekki máli í hvaða safnakjarna skrásetjari vinnur
- Í landskjarna eiga einnig heima rafrænar möppur (portfolios) fyrir efni sem gefið er út á Íslandi og er opið öllum
  - Til þess að þetta gerist þarf skrásetjari að merkja bókfræðifærslur á tiltekinn hátt

# Högun bókfræðigagna í Gegni - landskjarni

- Sameiginleg nafnmyndaskrá Gegnis er vistuð í landskjarna
  - cil (Consortium of Icelandic libraries)
  - Nöfn einstaklinga, skipulagsheilda, landfræðiheiti, efnisorð o.s.frv.
- Þegar nafnmyndafærsla er vistuð, vistast hún í landskjarna
  - Skiptir ekki máli í hvaða safnakjarna skrásetjari vinnur
  - Vinna við nafnmyndaskrá fer eingöngu fram á LBS-HBS eins og er

# Högun bókfræðigagna í Gegni - safnakjarnar

- Forðafærslur og eintakafærslur eru alltaf vistaðar í safnakjörnum
  - Enginn forði eða eintök eiga heima í landskjarna

- Rafrænar möppur fyrir séráskriftir og innihald sem er háð aðgangsheimildum, eiga heima í safnakjörnum þeirra safna sem eiga efnið/veita aðgang að efninu
  - Athugið að oft má virkja rafrænar möppur í heimskjarna (community zone) í stað þess að skrá bókfræðifærslu og búa til rafræna möppu

# Högun bókfræðigagna - áþreifanleg viðföng



# Högun bókfræðigagna - rafræn viðföng



# Högun bókfræðigagna og leitir í Gegni

- Gagnahögun hefur bein áhrif á það hvernig hægt er að leita í Gegni
  - T.d. Er ekki hægt að leita að áþreifanlegum titlum í landskjarna – því þar er enginn forði og engin eintök

- Hægt er að velja þrenns konar leitarumfang
  - Í safnakjarna – leit afmarkast við safnskrá (inventory) í viðkomandi safnakjarna. Þ.e. einungis er hægt að leita að viðföngum sem tilheyra safnakjarnanum
    - Ef þú skráir bókfræðifærslu í Gegni en tengir ekki forða eða rafræna möppu í safninu þínu við færsluna – þá er ekki hægt að finna hana við leit í safnakjarnanum þínum. En hún finnst við leit í landskjarna
  - Í landskjarna – leit afmarkast við allar bókfræðifærslur sem hafa annað hvort verið skráðar og vistaðar í landskjarna eða virkjaðar af söfnum sem tilheyra Gegnissamlaginu
  - Í heimskjarna – leit afmarkast við allar bókfræðifærslur sem ExLibris og samstarfsaðilar þeirra hafa fært inn í heimskjarna

# MMS ID

- MMS ID er einkvæmt auðkenni sem allar færslur í Gegni hafa
- Kerfið býr sjálft til auðkennið við vistun færslu
- MMS auðkenni landskjarna er það auðkenni sem vistað í sviði 001 – birtist þegar skoðuð er full færsla og þegar færsla er opnuð í lýsigagnaritli
- MMS auðkenni landskjarna enda alltaf á 6886
- Bókfræðifærslur hafa að auki sérstakt MMS auðkenni sem á eingöngu við í hverjum safnakjarna fyrir sig – þau birtast t.d. þegar skoðuð er stutt færsla - sjá næstu glæru
- Rétt eins og í landskjarna, enda mms auðkenni safnakjarnanna alltaf á sömu númerarununni:
  6887 – Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn
  6888 – Listaháskóli Íslands
  6889 – Háskólinn í Reykjavík
  6890 – Heilbrigðisvísindasöfn
  6891 – Háskólar landsbyggðarinnar
  6892 – Grunnskólar
  6893 – Almenningsbókasöfn
  6894 – Stjórnsýslu- og sérfræðisöfn
  6895 – Framhaldsskólar
- Nafnmyndafærslur hafa einnig MMS auðkenni, sem alltaf eru auðkenni landskjarna

# MMS ID

## Stutt færsla sem birtist í leitarniðurstöðuglugga




## Sama færsla – opin í lýsingagnaritli



# Lýsigagnaritill

- Lýsigagnaritill Gegnis
- Lýsigagnaritill - aðgerðir
  - Að færa færslu í lýsigagnaritil
  - Að breyta færslu
  - Að breyta færslu með færslusniði
  - Að velja og sækja nafnmynd (F3)
  - Að velja og nota önnur stöðluð gildi
  - Að frumskrá nýja færslu
  - Að afrita færslu
  - Að sækja færslu í erlendan gagnagrunn
  - Að vista og losa færslu
  - Villumeldingar
  - Svið sem verða sjálfkrafa til við vistun
  - Séríslensk frávik og staðbundin svið
- Efnistegundir og tegundir viðfanga



# Lýsigagnaritill Gegnis




Lýsigagnaritillinn er alltaf opinn, en ýmist sýnilegur eða falinn
Smellið eða veljið Alt + M til að sýna/fela ritilinn

# Lýsigagnaritill Gegnis

- Hvenær er þörf á nýrri færslu
  - Áður en færsla er frumskráð í Gegni eða sótt í erlenda gagnagrunna, leitið að lágmarki að titli og ISBN svo ekki verði til tvær færslur fyrir sama viðfangið
  - Leitið í landskjarna – ekki nóg að leita í safnakjarna
  - Skrásetjarar þurfa að kunna skil á þeim viðmiðum sem skráningarráð Gegnis hefur sett um hvenær skuli búa til nýja færslu og hvenær má tengja eintak við færslu sem er til fyrir í kerfinu

# Að færa færslu í lýsigagnaritil




Finnist færsla í landskjarna en þörf er á viðbótum/lagfæringum, er færslan færð í lýsigagnaritil með því að velja

- Breyta færslu – færslan opnast strax í lýsigagnaritli og hægt að vinna með hana - eða
- Færa í lýsigagnaritil – færslan opnast ekki strax í lýsigagnaritli, en er á færslustiku lýsigagnaritils næst þegar hann er opnaður. Þessa aðgerð má nota til að flytja margar færslur í einu í lýsigagnaritilinn

Í færslustikunni eru þrír flipar:
Færslur, færslusnið og reglur

Til að sjá bókfræðifærslur sem hafa verið færðar í lýsigagnaritil þarf að velja:
Færslur í efri línu og
MARC21 Bib í þeirri neðri

Smellið á þá færslu í stikunni sem á að vinna með, og hún opnast í ritlinum



Sú færsla sem er virk í lýsigagnaritlinum hverju sinni er blámerkt í færslustikunni

Góð regla er að hreinsa færslustikuna af þeim færslum sem ekki þurfa frekari vinnslu

Færslur sem eru í vinnslu hjá þér, eru læstar öðrum skrásetjurum þar til þú losar þær

Færslur má ýmist losa eina og eina með því að velja „vista og losa“ (Ctrl + Alt + R) eða „losa færslu“ (Alt + Shift + R) – eða losa má allar færslur í færslustiku með því að smella á þetta tákn



Hægt er að hafa tvær færslur á skjánum í einu með því að smella á þetta tákn

Aðeins ein færsla er virk – sú sem er blámerkt í færslustikunni og í sjálfum ritlinum

Sé einhver aðgerð valin úr aðgerðastiku ritilsins eða með flýtilyklum, t.d. að bæta við sviði eða vista færslu – þá er hún framkvæmd í virku færslunni



# Að breyta færslu (handvirkt)

- Kóðasvið í bókfræðifærslu þarf helst að „opna“ svo hægt sé að breyta þeim gildum sem hafa verið skráð í sæti sviðsins. Það er gert með því að staðsetja bendilinn í kóðasviðið
  - og nota flýtilykil Ctrl + F
  - eða með því að fara í aðgerðastiku og velja Breytingaraðgerðir -> Opna kóðasvið







Rétt gildi eru svo valin í fellilistum fyrir hvert sæti

# Að breyta færslu (handvirkt)

- Öðrum sviðum en kóðasviðum má breyta með því að fara einfaldlega með bendilinn á réttan stað í færslunni og skrifa inn leiðréttingar og/eða viðbætur eins og þarf. Ný Svið og deilisvið eru búin til með aðgerðastiku eða flýtilyklum
- Athugið að í sum svið/deilisvið má eingöngu nota
  - kóða (t.d. 040, 041)
  - stöðluð leitaratriði/nafnmyndir (t.d. 100, 650)
  - önnur stöðluð gildi (t.d. 336, 337)
- Þegar innihaldi færslu er breytt verulega, færir skrásetjari sinn safnakóða í svið 040 $$d

```
040        $$a BBAAA $$d LBTHL $$d RDA breytingar
```

Þessi færsla hefur verið frumskráð af Borgarbókasafni (BBAAA) og Landsbókasafn (LBTHL) hefur bætt við færsluna eða breytt henni

# Að breyta færslu (handvirkt)

- Hægt er að fara beint í upplýsingar um viðkomandi svið og hvernig á að nota það, með því að velja punktana þrjá, hægra megin í sviðinu






# Að breyta færslu (handvirkt)

- Flestar algengustu aðgerðir í lýsingagnaritlinum má framkvæma annað hvort með því að nota aðgerðastiku eða með því að nota flýtilykla




- Bæta við sviði – F8
- Bæta við deilisviði – F9
- Eyða sviði – Ctrl + F6
- Klippa svið – Ctrl + Shift + X
- Afrita svið – Ctlr + Shift + C
- Líma svið – Ctrl + Shift + V
- Vista færslu – Ctrl + S
- Losa færslu (án þess að vista) – Alt + Shift + R
- Vista og losa færslu – Ctrl + Alt + R

# Að breyta færslu með færslusniði

- Í lýsigagnaritli er hægt að keyra færslusnið (sameiginlegt eða lokað) inn í færslu sem er í vinnslu og breyta færslunni þannig

Aðgerðin er framkvæmd með flýtilyklinum Ctrl + E eða með því að velja aðgerðina Bæta við sviðum úr færslusniði

Við það opnast sprettigluggi á skjánum og rétta færslusniðið er valið úr fellilista



# Að breyta færslu með færslusniði




- Í fellilista koma upp öll færslusnið – bæði þín eigin og þau sem vistuð hafa verið á sameiginlegu svæði
- Fara þarf gætilega við að keyra ný svið og gildi úr færslusniðum í bókfræðifærslur
- Þegar færslusnið er valið má velja eftirfarandi:
  - Hnekkja - færslusniðið yfirskrifar svið og gildi sem þegar eru í færslunni
  - Bæta atriðum sem vantar við – yfirskrifar ekki þau svið og gildi sem eru í færslunni, en bætir við sviðum og gildum sem eru í færslusniðinu
  - Bæta öllum atriðum við – yfirskrifar ekki svið og gildi sem eru í færslunni, en bætir við sviðum og gildum úr færslusniðinu, hvort sem sömu svið eru fyrir í færslunni eða ekki

# Að velja og sækja nafnmynd (F3)

- Leitaratriði í bókfræðifærslum þarf að sækja í nafnmyndaskrá/höfðalista – F3
  - 100/600/700
  - 110/610/710/810
  - 111/611/711
  - 130/630/730/830
  - 650
  - 651
- Mannanöfn og heiti skipulagsheilda má slá inn að hluta eða í heild í deilisvið $$a og sækja með F3
- Efnisorð þarf að slá inn að hluta eða í heild í deilisvið $$a, bæta við deilisviði $$2 cil og sækja svo með F3


LDR 01121nam#a2200361#i#4500
001 991011845519706886
005 20220531211758.0
007 ta
008 200616s2017####nx#####e######0#0#f#alb#c
020 $$a 9786082241104 $$q kilja
035 $$a 001580096-354ilc_network
035 $$a (ALEPH)001580096ICE01
039 $$c 1 $$f ix
040 $$a LBTHL $$e rda
041 1 $$a alb $$h ice
082 0 4 $$a 813
100 4 $$a Arnaldur Indriðason $$d 1961- $$e höfundur
F3
240 1 0 $$a Mýrin $$l Á albönsku
245 1 0 $$a Moçalishtja : $$b roman / $$c Arnaldur Indridason ; përktheu nga anglishtja në shqip Durim Taçe.
264 1 $$a Shkup : $$b Shkupi, $$c 2017.
300 $$a 246 bls. ; $$c 20 sm.
336 $$a texti $$b txt
337 $$a milliliðalaust $$b n
338 $$a bindi $$b nc
500 $$a Þýtt úr ensku
546 $$a Á frummáli: Mýrin
650 7 $$a Íslenskar bókmenntir $$2 cil


Moçalishtja : roman / Arnaldur Indridason ; përktheu nga anglishtja në shqip Duri...
(991011845519706886)
Level [40]: [99] Catalog administrator
Record
10
MARC21 Bib
100 4 $$a Arnaldur Indriðason $$d 1961- $$e höfundur
Expand
CIL
LCNAMES
Headings from bibliographic records
Arnaldur Hilmisson 1979- (Network zone)
Arnaldur Hjartarson 1983- (Network zone)
Arnaldur Indriðason 1961- (Network zone)
Arnaldur Jakobsson 1993- (Network zone)
Arnaldur Johnson 1975- (Network zone)
Arnaldur Jón Gunnarsson 1984- (Network zone)
Arnaldur Jónsson 1997- (Network zone)
Arnaldur Konráðsson 1977- (Network zone)
Arnaldur Kristjánsson 1985- (Network zone)
Arnaldur Magnússon 1980- (Network zone)
Arnaldur Máni Finnsson 1978- (Network zone)
Arnaldur Schram 1978- (Network zone)
Arnaldur Sigurðsson 1961- (Network zone)
Arnaldur Skúli Baldursson 1971- (Network zone)
Arnaldur Sölvi Kristjánsson 1985- (Network zone)
Arnaldur Þór 1918-1988 (Network zone)
View
Select


035 $$a 001580096-354ilc_network
035 $$a (ALEPH)001580096ICE01
039 $$c 1 $$f ix
040 $$a LBTHL $$e rda
041 1 $$a alb $$h ice
082 0 4 $$a 813
100 4 $$a Arnaldur Indriðason $$d 1961- $$e höfundur
240 1 0 $$a Mýrin $$l Á albönsku
245 1 0 $$a Moçalishtja : $$b roman / $$c Arnaldur Indridason ; përktheu nga anglishtja në shqip Durim Taçe.
264 1 $$a Shkup : $$b Shkupi, $$c 2017.
300 $$a 246 bls. ; $$c 20 sm.
336 $$a texti $$b txt
337 $$a milliliðalaust $$b n
338 $$a bindi $$b nc
500 $$a Þýtt úr ensku
546 $$a Á frummáli: Mýrin
650 7 $$a Íslenskar bókmenntir $$2 cil
650 7 $$a Skáldsögur $$2 cil
F3
650 7 $$a Sakamálasögur $$2 cil
650 7 $$a Þýðingar á albönsku $$2 cil
700 1 $$a Tace, Durim $$e þýðandi
995 $$a Arnaldur $$1 Indriðason $$d 1961- $$e höfundur
999 $$a 40


Moçalishtja : roman / Arnaldur Indridason ; përktheu nga anglishtja në shqip Duri... (991011845519706886)
Level [40]: [99] Catalog administrator
Record
10
MARC21 Bib
650 7 $$a Skáldsögur $$2 cil
Create Authority Record
Expand
Cancel
CIL
Headings from bibliographic records
Skáldskaparfræði (Network zone) View Select
Skáldskapur (Network zone) View Select
Skáldsögur (Network zone) View Select
Skáldævisögur (Network zone) View Select
Skálholtsprent (Network zone) View Select
Skálsveppir (Network zone) View Select
Skápar (Network zone) View Select
Skátablöð (Network zone) View Select
Skátafélög (Network zone) View Select
Skátahnútar (Network zone) View Select
Skátar (Network zone) View Select
Skátastarf (Network zone) View Select
Skátasöngvar (Network zone) View Select
Skegg (Network zone) View Select
Skeggburkni (Network zone) View Select
Skeggþerna (Network zone) View Select

# CIL, LCNAMES og höfðalistar úr bókfræðifærslum

- Uppflettingar með F3 í bókfræðifærslum bjóða skrásetjara ýmist að velja leitaratriði úr tveimur eða þremur skrám
- CIL er nafnmyndaskrá Gegnis (Consortium of Icelandic Libraries)
- LCNAMES er nafnmyndaskrá Library of Congress
- Höfðalisti inniheldur öll leitaratriði í því sviði sem flett var frá, óháð því hvort til er samsvarandi nafnmyndafærsla eða ekki og óháð því hvort nafnmyndafærslan er í CIL eða LCNAMES




Veljið alltaf CIL nafnmynd ef um er að ræða íslenskan einstakling, skipulagsheild, titil eða efnisorð

Ef um er að ræða nafnmynd á íslensku, sem ekki finnst í CIL, er höfðalisti skoðaður og nafnið valið þar

Ef íslensk nafnmynd finnst hvorki í CIL né höfðalista er heitið slegið inn í bókfræðifærsluna – nafnmynd verður til síðar

Veljið LCNAMES nafnmynd ef um er að ræða erlendan einstakling eða skipulagsheild

# Að velja og sækja nafnmynd (F3)

F3 sýnir eingöngu nafnmyndir og höfuð sem eiga við um það marksvið sem notað var til uppflettingar

Ekki er t.d. hægt að skoða nafnmyndir sem eiga við svið 810 ef flett er upp (F3) í nafnmyndum frá sviði 830 í bókfræðifærslu

Skrásetjarar þurfa því að þekkja ólíkar tegundir leitaratriða/nafnmynda og marksviðin sem þau eru skráð í

- 100/600/700 – einstaklingar/höfundagreindir titlar
- 110/610/710/810 – skipulagsheildir/titlar skipulagsheilda
- 111/611/711 – ráðstefnur, sýningar, viðburðir
- 130/630/730/830 – óhöfundagreindir samræmdir titlar
- 650 – eiginleg efnisorð
- 651 – landfræðiheiti
- Sé þörf á nýju efnisorði sem ekki er til í nafnmyndaskrá, er það fært inn í færsluna í rétt svið og erindi sent á efnisordarad@landskerfi.is
- https://www.loc.gov/marc/ambiguous-headings.html



# Að velja og nota önnur stöðluð gildi í lýsigagnaritlinum

- Kóðar eru stöðluð gildi sem notaðir eru í kóðasviðum 007 og 008 - og nokkrum öðrum sviðum
  - 007
  - 008
  - 040
  - 041
  - 939
- Stundum er um að ræða sérstaka MARC21 kóða – t.d. tungumálakóðar og landakóðar
- Stundum er um að ræða staðbundna kóða sem aðeins eru notaðir í Gegni – t.d. safnakóðar í 040 og kóðar fyrir íslenska útgáfuskrá í 939
- Stundum er um að ræða MARC21 kóða sem hafa verið aðlagaðir lítillega í Gegni – t.d. notendahópar í 008 (sjaldgæft)
  - Íslenska þýðingin í lýsigagnaritlinum er leiðbeinandi um rétta kóða í kóðasviðum. Í öðrum sviðum þarf skrásetjari sjálfur að fletta réttum kóðum upp (Handbók skrásetjara eða LC)

# Að velja og nota önnur stöðluð gildi í lýsigagnaritlinum

- Staðlaðir orðalistar eru notaðir til að
  - Greina hlutverk einstaklinga og skipulagsheilda
    - 100/700 og 110/710 $$e
  - Greina tegund innihalds, ytri gerð og miðil
    - 336, 337 og 338 $$a
- Staðlaður orðalisti er sóttur í deilisvið með því að slá inn fyrstu bókstafina í heitinu sem á að nota og velja svo úr fellilista
- Staðlaða orðalista má finna í HASK (RDA þýðingar)
- Mikilvægt er að nota kóða og stöðluð heiti alls staðar þar sem gert er ráð fyrir þeim í færslu – þetta er forsenda þess að gögn flokkist rétt og hægt sé að draga þau út á rökréttan hátt
  - Má ekki slá inn „freestyle“ heiti í deilisvið sem á að innihalda kóða eða staðlaðan orðaforða

# Að frumskrá nýja færslu

- Finnist ekki færsla í landskjarna, fyrir viðfang sem safnið á, má frumskrá nýja bókfræðifærslu. Það er gert á eftirfarandi hátt:
  - Smellið á Nýtt í aðgerðastikunni og velið rétt færslusnið fyrir viðfangið – eða veljið færslusnið úr miðjuflipa færslustikunnar

Stjörnumerkt færslusnið eru sameiginleg færslusnið sem vistuð eru af Landsbókasafni. Ekki er heimilt að breyta þeim

Hver skrásetjari getur búið til sín eigin færslusnið og vistað á sínum lokaða aðgangi

Söfn eða safnakjarnar geta búið til sameiginleg færslusnið  og vistað á sameiginlegum aðgangi allra. Vanda þarf val á heiti slíkra færslusniða

Sjá nánar um færslusnið í Handbók skrásetjara: https://hask.landsbokasafn.is/index.php?page=Faerslusnid



# Að afrita færslu

- Alla jafna eru bókfræðifærslur frumskráðar út frá færslusniði. Þó er hægt að búa til nýja færslu með því að afrita færslu sem þegar er til í kerfinu. Gæta þarf varúðar þegar slíkt er gert og fara vandlega yfir nýju færsluna áður en hún er vistuð. Bæði þarf að hafa vakandi auga fyrir því að réttu færslunni sé breytt (þeirri nýju, en ekki upprunalegu færslunni) og því að vista ekki atriði í nýju færslunni sem eiga aðeins að vera í þeirri upprunalegu



Smellið á „Afrita færslu“



Ný færsla opnast í ritlinum. Nýja færslan er virk, hún er merkt „Nýtt“ í færslustikunni og í henni er ekkert færslunúmer (MMS id) í sviði 001. Þegar færslan er vistuð fær hún sjálfkrafa nýtt MMS id í svið 001

# Merkið allar nýjar færslur safninu ykkar

- Skrásetjari sem frumskráir færslu, hvort sem er með færslusniði eða með því að afrita aðra færslu, merkir nýju færsluna með sínum safnakóða í svið 040 $$a

| | |
|---|---|
| 040 | $$a BBAAA $$d LBTHL $$d RDA breytingar |

Þessi færsla hefur verið frumskráð af Borgarbókasafni (BBAAA) og Landsbókasafn (LBTHL) hefur bætt við færsluna eða breytt henni

# Að sækja færslu í erlendan gagnagrunn

- Finnist ekki færsla í landskjarna, fyrir viðfang sem safnið á, má flytja inn færslu úr erlendum gagnagrunni og vista í landskjarna. Til þess þarf að velja Leita og fletta > Leita í viðföngum
- Þá aðgerð má opna beint úr lýsigagnaritlinum eða með því að velja Viðföng í hliðarstikunni






# Að sækja færslu í erlendan gagnagrunn

- Erlent safn eða safnasamlag valið úr felliglugga
- Leitarorð slegin inn í viðeigandi glugga
  - borgar sig að nota ISBN og/eða titil við leit
- Leita



# Að sækja færslu í erlendan gagnagrunn

- Við leit opnast nýr gluggi með leitarniðurstöðum hægra megin á skjánum
- Ef valin hafa verið safnasamlög til að leita í (t.d. Nordic Library Resources), fær hvert safn sem á viðfangið sem leitar var að, eigin flipa í leitarniðurstöðunum




**Skoðið alltaf færslu áður en hún er flutt inn**

Kerfið sýnir færslurnar eins og þær líta út við innflutning. Búið er að keyra þær gegnum „normalíseringu“ sem t.d. færir inn íslensk hlutverkaheiti og RDA svið 336, 337 og 338 og eyðir út tilteknum sviðum sem við viljum ekki fá með inn í bókfræðigrunn Gegnis

# Að sækja færslu í erlendan gagnagrunn

- Þegar valið er „Flytja inn“ opnast færslan í lýsigagnaritli og er merkt „Nýtt“ í færslustikunni
- Færsluna þarf að fullskrá þannig að hún standist RDA skráningarviðmið Gegnis
- Að lokum er færslan vistuð í landskjarna og pantanir, forði og eintök tengd í safnakjarna




Ítarlegri leiðbeiningar um innflutning á bókfræðifærslum má finna í kaflanum sóttar (innfluttar) færslur í Handbók skrásetjara

Landsbókasafn Íslands
Háskólabókasafn

# Að vista og losa færslu

- Þegar færsla hefur verið fullskráð er hún vistuð í landskjarna
- Það má gera með því að vista (Ctrl + S) eða vista og losa færslu (Ctrl + Alt + R)
- Gott er að venja sig á að losa færslur um leið og vinnu við þær er lokið – á meðan þær eru í vinnslu hjá þér, eru þær læstar öðrum skrásetjurum
- Hægt er að láta kerfið yfirfara færslu áður en hún er vistuð (Ctrl + U). Athugasemdir og villumeldingar birtast í borða neðst á skjánum
- Birtist rauður borði neðst á skjá er ekki hægt að vista færsluna
- Grænn borði birtist neðst á skjánum þegar færsla er vistuð (Ctrl + S) en ef valið er að vista og losa (Ctrl + Alt + R) vistast færslan og hverfur af skjánum án þess að nokkur borði birtist






# Villumeldingar

- Þegar eldri færsla opnuð í lýsigagnaritlinum, ný færsla er vistuð eða yfirfarin, gefur kerfið til kynna hvort í henni séu atriði sem þarf að kanna betur
- Appelsínugulur borði neðst í færslunni táknar að í henni séu atriði sem þarfnast skoðunar
- Rauður borði neðst í færslunni táknar að hún standist ekki lágmarkskröfur um bókfræðifærslur á marksniði. Slíkar færslur er ekki hægt að vista
- Hægt er að smella á borðann og sjá í hvaða sviði villurnar eru og lagfæra þau atriði sem talin eru upp



# Svið sem verða sjálfkrafa til við vistun

- Við vistun bókfræðifærslna í Gegni verða vélvirkt til nokkur svið sem innihalda ýmis konar upplýsingar. Þessum sviðum má hvorki breyta né eyða. Og ekki má færa þau inn handvirkt í bókfræðifærslur
  - Svið 035, 099 og nokkur önnur urðu til við gagnaflutninga frá Aleph yfir í Ölmu. Þessi svið má ekki fjarlægja úr eldri færslum, en þau verða ekki til í nýskráðum færslum lengur
  - Svið 943 verður til þegar færsla sem inniheldur svið 300 er vistuð. Þetta er gert svo upplýsingar um umfang birtist í stuttri færslu í Gegni
  - Svið 945 verður til þegar færsla sem inniheldur svið 773 er vistuð. Þetta er gert svo upplýsingar um tengda færslu birtist í stuttri færslu í Gegni
  - Svið 995 og 996 verða til þegar færsla inniheldur svið 100/700 eða 600 með íslenskum nöfnum með þremur eða fleiri nafnliðum
  - Sjá upplýsingar um önnur svipuð svið: https://hask.landsbokasafn.is/index.php?page=9xx-stadbundid-svid

# Séríslensk frávik og staðbundin svið

- Séríslenskum frávikum frá MARC21 staðlinum var fækkað til muna í Gegni við kerfisskipti úr Aleph yfir í Ölmu.
- MARC21 staðalinn býður upp á staðbundið skilgreind svið og deilisvið. Í Gegni eru svið nokkur 59X og 9XX svið tekin undir upplýsingar sem við sjáum sjálf um að skilgreina
  - 939 – Íslensk útgáfuskrá
  - 591 – Ýmsir kóðar og strengir sem merkja færslur með FMT úr Aleph
  - 995 – Íslensk mannanöfn þar sem hver nafnliður er vistaður í sér deilisviði
    - Skjalað í Handbók skrásetjara

# Efnistegundir og tegundir viðfanga

- Bókfræðileg efnistegund (bibliographic material type) og tegund viðfangs (resource type) tegundaflokkar safnkost í Gegni og hefur áhrif á flokkun safnkosts í leitir.is

- Leitarmöguleikar og framsetning leitarniðurstaðna velta að miklu leiti á því að safnkostur sé rétt flokkaður í efnistegundir og tegundir viðfanga

- Bæði efnistegund og tegund viðfangs velta á því að rétt gildi séu til staðar í bókfræðifærslum
  - Prentuð bók þarf að innihalda ákveðin gildi í LDR og 008 til að flokkast sem prentuð bók o.s.frv.



# Efnistegund (bibliographic material type)

- Grófir flokkar sem í Ölmu byggjast eingöngu á LDR sæti 06 og 07
  - Ath að eintök greinast líka í efnistegundir – ekki þær sömu
- Greinir t.d. ekki á milli áþreifanlegra viðfanga og rafrænna

| LDR Position 6 | LDR Position 7 | 007 Position 00 | Alma Bibliographic Material | Alma Material Type Term |
|---|---|---|---|---|
| a | a c d m | | BK | Book |
| t | | | BK | Book |
| a | b i s | | CR | Journal |
| c d i j | | | MU | Music |
| e f | | | MP | Map |
| g k r o | | | VM | Visual Material |
| m | | | CF | Computer File |
| p | | | MX | Mixed material |
| <Default> | | | BK | Book |

# Tegund viðfangs (resource type)

## Tegundir viðfanga í Gegni

**Tegundir viðfanga (resource types) í Gegni**

Tegund viðfangs í Gegni veltur á því að skráningarfærsla fyrir viðfangið innihaldi rétt gildi í sviðum LDR og 008. Eftirfarandi tafla sýnir hver gildin verða að vera, til þess að viðfangið flokkist rétt. Athugið að bæði LDR OG 008 þurfa að vera rétt kóðuð.

Táknið != þýðir að gildið má ekki vera það sem á eftir kemur

| **Tegundir viðfanga** (Resource types) | **Sæti í LDR** | **Sæti í 008** |
|---|---|---|
| Bækur, prentaðar | 6 = a OG 7 = m | 23 = \| |
| Bækur, rafrænar á vef | 6 = a OG 7 = m | 23 = o |
| Hljóðbækur, áþreifanlegir miðlar | 6 = i OG 7 = m | 23 = \| |
| Hljóðbækur, vefútgáfa | 6 = i OG 7 = m | 23 = o |
| Hljóðrituð tónlist, áþreifanlegir miðlar | 6 = j OG 7 = m | 23 = \| |
| Hljóðrituð tónlist, vefútgáfa | 6 = j OG 7 =m | 23 = o |
| Kvikmyndir, áþreifanlegir miðlar (band eða diskar) | 6 = g OG 7 =m | 29 = \| OG 33 = v |
| Landakort, prentað | 6 = e OG 7 = m | 29 = \| OG 23 != e |
| Landakortabók, prentuð | 6 = e OG 7 = m | 29 = \| OG 23 = e |
| Nótur, prentaðar | 6 = c OG 7 = m | 23 = \| |
| Nótur, vefútgáfa | 6 = c OG 7 = m | 23 = o |
| Tímarit, prentað | 6 = a OG 7 = s | 23 = \| EÐA r |
| Tímarit, vefútgáfa | 6 = a OG 7 = s | 23 = o |

Ítarleit í Gegni: hægt að afmarka leit við efnistegundir og/eða tegundir viðfanga



# Takk fyrir

- Spurningar og athugasemdir um skráningu eða lýsigagnaritil má senda á netfangið Gegnir@landsbokasafn.is eða til gæðastjóra skráningar hallfridur.h.kristjansdottir@landsbokasafn.is

